

Kvíholt, stofnað úr landi Starrastaða í Skagafirði


Úttektarskýrsla minjavarðar

Guðmundur Stefán Sigurðarson
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Guðmundur Stefán Sigurðarson

Ljósmyndir
Guðmundur Stefán Sigurðarson

Ljósmynd á forsiðu
Horft frá byggingarreit til norðausturs yfir fyrirhugað vegstæði.

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Niðurstöður	5
3.	Heimildaskrá	5

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3161

Tilgangur úttektar:
Úttekt á byggingarreit og aðkomuvegi


Staðsetning:
Starrastaðir í Skagafirði

Dagsetning vettvangsferðar:
12.12.2023


1. Aðdragandi vettvangsferðar

Með tölvubréfi dagsett 23.11.2023 óskaði skipulagsfulltrúi Skagafjarðar eftir umsögn minjavarðar um byggingarreit fyrir íbúðarhús á lóðinni Kvíholti sem stofna á úr landi Starrastaða í Skagafirði L146226. Fylgigagn var afstöðumynd af reitnum, dagsett 13.10.2023.

Jörðin hefur ekki verið fornleifaskráð í heild sinni, en 30m breitt belti var skráð í gegnum jörðina vegna lagningar ljósleiðara árið 2017 (Bryndís Zoëga 2017. Fornleifa-skráning vegna lagningar ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga BSk 2017/192. Rannsóknarnr. MÍ 1873.) og þverar það skráningarsvæði fyrirhugaðs vegstæðis, en engar minjar voru skráðar í nágrenni þess. Þá er fjallað um jörðina í Byggðasögu Skagafjarðar þar sem tilgreindar eru helstu minjar og örnefni jarðarinnar. Ekki er minnst á minjar á þessum stað en örnefnið Kvíholt bendir þó til að á þessum slóðum hafi verið kvíar þar sem ær hafa verið mjólkaðar, en bæði var til að byggð væru varanleg mannvirki úr torfi og grjóti eða notuðust við færanlegar kvíar úr timbri. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Starrastaði er tilgreint örnefnið Kvíhólar: „Kvíhólar eru tveir grasi vaxnir flatkollaðir hólar ofan við Starrastaðatúnið.“ En ekki er minnst á nein mannvirki. Í örnefnaskrá Björns Egilssonar eftir frásögn Páls Ólafssonar frá 1975 er ekki minnst á þetta örnefni en Páll var fæddur 1910 á Starrastöðum og bjó þar alla tíð. Byggingar-reitur og fyrirhugað vegstæði var kannað af minjaverði á vettvangi þann 12.12.2023.



Mynd 1 – Afstöðumynd sem fylgdi erindinu. Lóð og aðkomuvegur voru tekin út af minjaverði.



Mynd 2 - Úttektarsvæði minjavarðar gulskyggt svæði, úttektarsvæði vegna lagningar ljósleiðara bláskyggt.

2. Niðurstöður

Engar þekktar fornleifar eru á byggingarreitnum eða í nágrenni nýs aðkomuvegar og voru ekki gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

3. Heimildaskrá

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands. Heimsótt 28.11.2023.

<https://www.minjastofnun.is/is/minjavefsja>

Byggðasaga Skagafjarðar III. Bindi. Lýtingsstaðahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkróki 2004.

Bryndís Zoëga 2017. Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Varma-
hlið að Hofi í Vesturdal. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga
BSk 2017/192. Rannsóknarnr. MÍ 1873.

Margeir Jónsson [ártal vantar]. Örnefnaskrá Starrastaða. [Upplýsingar um
heimildamann/menn vantar].

Björn Egilsson 1975. Örnefnaskrá Starrastaða. Heimildamaður Páll Ólafsson.